7. SKOÐANIR Á FJÖLMIÐLUM, UPPLÝSINGUM OG ÞÁTTTÖKU


7.1. Fullyrðingar um fjölmiðla og þátttöku ungs fólks

Öll Norðurlöndin



Mynd 19: Eftirfarandi eru fullyrðingar um fjölmiðla og þátttöku ungs fólks.

Merkta við hverja fullyrðingu hvort þú ert: alveg sammála (5), frekar sammála (4), ekki sammála eða ósammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1).



Mynd 20: Meðalgildi

Samkvæmt niðurstöðunum eru þátttakendur að meðaltali oftast sammála fullyrðingunni „mér finnst ég hafa fengið nógu miklar og sannar upplýsingar um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra“. Svarendur eru sjaldnast sammála fullyrðingunni „það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga“; á hinn bóginn gat einn þriðji nemenda ekki gefið svar við þeirri fullyrðingu (voru ekki sammála eða ósammála).

Um einn þriðji þátttakenda gat hvorki svarað því hvort skólar veiti nægar upplýsingar um ákvarðanatöku á landsvísi eða innan sveitarfélaga, né hvort fjölmiðlar birti skoðanir og sjónarmið barna og unglunga.

Stúlkur eru örlítið sjaldnar sammála fullyrðingunum heldur en drengir.

Stúlkur líta lækkun kosningaaldurs enn fremur gagnrýnni augum og hafa almennt séð meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum og umhverfismálum.

ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5781	Stúlkur N=2882	Drengir N=2870
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu	3,5	3,4	3,6
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu	3,1	3,0	3,2
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga	3,0	2,8	3,1
Nemendur í nemendaráðum og í forsvari fyrir nemendur vinna fyrir hönd allra nemenda	3,6	3,6	3,6
	3,6	3,6	3,6
Reynsla mín er sú að ég hef frelsi til að tjá skoðanir mínar um mál sem snerta mig og fullorðin fólk tekur mark á þeim	3,4	3,3	3,4
Fjölmiðlar (sjónvarp, útvarp, blöð, internet) birta skoðanir og sjónarmið barna og unglunga og virða sjónarmið þeirra	3,7	3,6	3,7
Ég hef áhyggjur af loftslagsbreytingum og umhverfismálum	3,5	3,7	3,4
Meðalgildi	3,41	3,37	3,45

Tafla: Samanburður eftir kyni

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verra en meðalgildi

Eldri nemar eru sjaldnar sammála ofangreindum fullyrðingum en 12 til 13 ára nemendur.

Eldri nemar eru gagnrýnni gagnvart fullyrðingunni „fjölmiðlar birta skoðanir og sjónarmið barna og unglunga og virða sjónarmið þeirra“.

ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu	3,5	3,6	3,5	3,5	3,5	3,6
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu	3,1	3,2	3,2	3,1	3,1	3,2
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga	3,0	3,0	3,0	2,9	2,9	3,0
Nemendur í nemendaráðum og í forsvari fyrir nemendur vinna fyrir hönd allra nemenda	3,6	3,6	3,7	3,6	3,5	3,4
Reynsla mín er sú að ég hef frelsi til að tjá skoðanir mínar um mál sem snerta mig og fullorðið fólk tekur mark á þeim	3,6	3,7	3,7	3,6	3,5	3,5
Fjölmíðlar (sjónvarp, útvarp, blöð, internet) birta skoðanir og sjónarmið barna og unglinga og virða sjónarmið þeirra	3,4	3,6	3,5	3,3	3,2	3,2
Mér finnst ég hafa fengið nógu miklar og sannar upplýsingar um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra	3,7	3,7	3,7	3,6	3,6	3,7
Ég hef áhyggjur af loftslagsbreytingum og umhverfismálum	3,5	3,5	3,6	3,5	3,5	3,5
Meðalgildi	3,41	3,50	3,50	3,39	3,34	3,37

Tafla: Samanburður eftir aldri

Grænt = hærra / betra en meðalgildi
Rautt = lægra / verri en meðalgildi

Eftir landi (1/3)

Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu (Finnland)	11,6%	38,4% (389)	28,7% (291)	14,4%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu (Svíþjóð)	9,7%	27,4% (457)	37,2% (619)	20,7%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu (Noregur)	7,9%	35,6% (416)	32,5% (379)	17,4%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu (Danmörk)	10,2%	33,3% (328)	31,6% (311)	20,3%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í landinu mínu (Ísland)	18,1%	18,7%	34,0% (277)	17,8% 11,4%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu (Finnland)	9,4%	18,8%	38,5% (390)	21,2% 12,1%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu (Svíþjóð)	9,5%	18,4%	29,2% (486)	29,3% (487) 13,6%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu (Noregur)	9,1%	17,7%	36,0% (419)	25,6% (298) 11,7%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu (Danmörk)	7,9%	20,1%	38,2% (374)	23,7% (232) 10,2%
Í skólanum er okkur kennt hvernig ákvarðanir eru teknar í sveitarfélaginu mínu (Ísland)	19,7%	22,2% (179)	32,1% (259)	16,6% 9,5%
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga (Finnland)	13,0%	13,7%	41,9% (424)	16,4% 14,9%
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga (Svíþjóð)	23,5% (387)	14,2%	27,9% (459)	15,8% 18,6%
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga (Noregur)	20,1%	14,1%	28,3% (328)	16,5% 21,0%
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga (Danmörk)	23,2% (226)	15,6%	29,3% (286)	14,8% 17,1%
Það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga (Ísland)	22,7% (183)	16,1%	35,7% (287)	10,8% 14,7%

Mynd 21: Eftirfarandi eru fullyrðingar um fjölmíðla og þátttöku ungs fólks.

Merktu við hverja fullyrðingu hvort þú ert: alveg sammála (5), frekar sammála (4), ekki sammála eða ósammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1).

Íslenskir nemendur eru oftast ósammála þeirri staðhæfingu að skólar veiti nægar upplýsingar varðandi ákvarðanatöku á landsvísu og innan sveitarfélaga, á meðan sænskir nemendur eru oftast sammála henni. Þátttakendur frá Noregi eru jákvæðari gagnvart því að lækka kosningaaldurinn, en íslenskir nemendur eru neikvæðari gagnvart tillögunni. 42 prósent af finnskum þátttakendum geta ekki látið í ljós skoðun á henni.




Mynd 22: Eftirfarandi eru fullyrðingar um fjölmiðla og þátttöku ungs fólks.
Merktu við hverja fullyrðingu hvort þú ert: alveg sammála (5), frekar sammála (4), ekki sammála eða ósammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1).

Nokkuð hátt hlutfall danskra og norskra nemenda eru á þeirri skoðun að nemendafélög vinni í þágu allra nemenda, öfugt við sænska nemendur, en einungis 14 prósent þeirra voru sammála þeirri fullyrðingu.

Norskir og danskir þátttakendur eru líka oftast sammála því að þeir geti tjáð skoðanir sínar og að fullorðnir taki þá alvarlega. Finnskir nemar eru sjaldnast sammála því.

Börn frá Noregi og Danmörku eru ennfremur oftast sammála þeirri fullyrðingu að fjölmiðlar birti skoðanir barna og unglunga og virði þær. Íslenskir þátttakendur líta hana hins vegar neikvæðustum augum. Á hinn bóginn reyndist u.þ.b. einn þriðji þátttakenda frá hverju landi fyrir sig hvorki sammála né ósammála staðhæfingunni.



Mynd 23: Eftirfarandi eru fullyrðingar um fjölmiðla og þátttöku ungs fólks.

Merktu við hverja fullyrðingu hvort þú ert: alveg sammála (5), frekar sammála (4), ekki sammála eða ósammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1).


Íslenskir nemendur eru sjaldnast sammála ofangreindum fullyrðingum sem varða loftslagsbreytingar og umhverfismál. Þeim finnst þeir einkum hafa fengið minni upplýsingar um þessi mál en nemendum annarra þjóða. Hins vegar er vert að geta þess að einn þriðji íslensku nemendanna gat ekki gefið upp sjónarmið eða skoðun á því hvort þeir hafi fengið nægar upplýsingar.

Samkvæmt þessum niðurstöðum eru það nemendur frá Svíþjóð og Danmörku sem hafa fengið mestar upplýsingar varðandi þessi mál. Sænsk og norsk börn segjast hafa mestar áhyggjur af loftslagsbreytingum.

Um þriðjungur finnskra barna er hvorki sammála né ósammála staðhæfingum sem tengjast umhverfismálum. Það er örlítið hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum.

7.2. Mikilvægustu málefnið þar sem raddir ungs fólks ættu að fá að heyrast

Öll Norðurlöndin



Mynd 24:

Nefndu þrjú mikilvægustu atriðin sem ungt fólk heldur fram, sem þér finnst mikilvægt að fái að heyrast (öll atriði sem nefnd voru).

Börn og unglingar af Norðurlöndunum, sem tóku þátt í könnuninni, voru beðin um að tilgreina þau þrjú málefni sem þau teldu að mikilvægast væri að hlustað yrði á þau varðandi.

Atriði tengd skóla var sá þáttur sem oftast var álitinn mikilvægastur, 30 prósent þátttakenda tiltóku atriði tengd skóla sem einn þriggja mikilvægustu þáttanna. Að auki var nokkuð oft minnst á flokkana væntingar, óskir og skoðanir (18%), fritími og áhugamál (15%) og atriði tengd fjölskyldu og heimili (13%). Ennfremur voru stjórnsmál og ákvarðanir ásamt heilsu og vellíðan oft nefnd.

38 prósent nemenda svaraði engu.

Eftir landi

	Finnland	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Ísland
Þjónusta við viðskiptavinum og verslanir	0,3% (3)	0,3% (5)	0,2% (2)	0,1% (1)	0,4% (3)
Væntingar, óskir og skoðanir	13,9% (145)	17,3% (294)	18,8% (226)	20,1% (203)	25,9% (214)
Heilsa og vellíðan	6,9% (72)	13,4% (227)	6,0% (72)	9,1% (92)	8,9% (74)
Sambönd	3,8% (40)	1,8% (30)	3,5% (42)	4,3% (43)	5,9% (49)
Í heild	3,0% (31)	0,3% (5)	1,1% (13)	0,5% (5)	1,1% (9)
Atriði tengd skóla	30,6% (319)	27,2% (461)	38,1% (457)	27,3% (275)	14,5% (120)
Réttindi barna og ungmenna	3,5% (37)	2,8% (47)	3,6% (43)	3,4% (34)	8,1% (67)
Fjölmiðlar	2,3% (24)	0,5% (9)	2,3% (27)	0,2% (2)	0,2% (2)
Þættir tengdir ökutækjum eða ökuréttindum	0,9% (9)	1,9% (32)	0,3% (4)	1,3% (13)	4,0% (33)
Áhyggjur og vandamál	8,6% (90)	3,2% (54)	2,8% (33)	4,1% (41)	1,1% (9)
Eigin atriði ungmenna	7,5% (78)	3,5% (60)	3,3% (40)	3,8% (38)	1,6% (13)
Atriði tengd fjölskyldu og heimili	20,0% (209)	5,7% (97)	23,1% (277)	8,5% (86)	5,6% (46)
Stjórnsmál og ákvarðanir	5,4% (56)	5,8% (98)	13,2% (158)	8,8% (89)	4,6% (38)
Fjárhagsleg atriði / innkaup	5,9% (62)	1,8% (31)	3,7% (44)	4,6% (46)	5,6% (46)
Störf og skyldur	1,6% (17)	0,5% (8)	1,2% (14)	2,0% (20)	3,4% (28)
Trúarbrögð	0,5% (5)	0,1% (1)	0,6% (7)	0,4% (4)	0,4% (3)
Fritími og áhugamál	21,4% (223)	10,4% (176)	19,5% (234)	13,2% (133)	15,1% (125)
Ofbeldi og yfirgangur / einelti	3,6% (38)	5,1% (86)	8,3% (99)	9,8% (99)	2,7% (22)
Atriði tengd umhverfi	4,8% (50)	6,7% (113)	9,8% (118)	11,1% (112)	3,1% (26)
Annað	3,8% (40)	1,6% (27)	3,3% (40)	3,9% (39)	11,2% (93)
Ekkert svar	32,8% (342)	46,2% (784)	30,0% (360)	35,6% (359)	41,4% (342)
Alls	181,0% (1890)	155,9% (2645)	192,7% (2310)	172,0% (1734)	164,7% (1362)

Mynd 25:

Nefndu þrjú mikilvægustu atriðin sem ungt fólk heldur fram, sem þér finnst mikilvægt að fá að heyra (öll atriði sem nefnd voru).

Þrjú mikilvægustu málefnið raðast á hvert einstakt land á eftirfarandi hátt:

15. Finnland: atriði tengd skóla (31%), frítími og áhugamál (21%) og atriði tengd fjölskyldu og heimili (20%).
16. Svíþjóð: atriði tengd skóla (27%), væntingar, óskir og skoðanir (17%) og heilsa og vellíðan (13%).
17. Noregur: atriði tengd skóla (38%), atriði tengd fjölskyldu og heimili (23%), frítími og áhugamál (20%) og væntingar, óskir og skoðanir (19%).
18. Danmörk: atriði tengd skóla (27%), væntingar, óskir og skoðanir (20%) og frítími og áhugamál (13%).
19. Ísland: væntingar, óskir og skoðanir (26%), frítími og áhugamál (15%) og atriði tengd skóla (15%).

7.3. Mikilvægustu atriðin sem varða loftslagsbreytingar og umhverfismál

Öll Norðurlöndin



Mynd 26:

Nefndu þrjú mikilvægustu atriðin sem þú telur að ætti að gera á Íslandi til að draga úr loftslagsbreytingum og/eða vernda náttúruna (öll atriði sem nefnd voru).

Þátttakendur voru beðnir um að nefna þær þrjár veigamestu aðgerðir sem ætti að ráðast í innan þeirra lands til þess að draga úr loftslagsbreytingum og/eða vernda náttúruna.

Pegar á heildina er litið er mikilvægasta aðgerðin sú að auka almenningssamgöngur og minnka umferð einstakra ökumanna (18%). Að nota endurnýtanlega orkugjafa (15%), draga úr útblæstri (16%) og að endurvinnna og flokka úrgang (13%) var líka oft nefnt. Að auki var algengt að minnst væri á að draga úr neyslu og að hætta að fleygja frá sér rusli.

Fjögur af hverjum tíu börnum (40%) svöruðu ekki spurningunni.

Eftir landi

	Finland	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Ísland
Draga úr bílaþróttum	0,1% (1)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,0% (0)
Ódýrari reiðhjól	0,0% (0)	0,1% (1)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,1% (1)
Ekkert	1,5% (16)	0,6% (10)	0,7% (8)	0,6% (6)	2,9% (24)
Vernda dýr og náttúruna	6,5% (68)	7,0% (119)	6,1% (73)	10,4% (105)	10,3% (85)
Auka almenningssamgöngur og minnka umferð einstakra ökumanna	24,0% (251)	12,3% (208)	28,9% (346)	10,4% (105)	13,9% (115)
Borgir og svæði	0,1% (1)	0,0% (0)	0,0% (0)	12,3% (124)	0,4% (3)
Hverfismiðaðri borgir	0,0% (0)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,1% (1)	0,0% (0)
Endurvinnna og flokka úrgang	19,0% (198)	11,7% (199)	17,3% (208)	3,7% (37)	13,7% (113)
Ganga eða nota reiðhjól í stað bíls	6,9% (72)	8,7% (148)	10,0% (120)	3,8% (38)	13,3% (110)
Löggjöf	0,9% (9)	2,2% (38)	3,4% (41)	2,8% (28)	1,8% (15)
Hætta að borða kjöt	0,2% (2)	0,2% (3)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,0% (0)
Viðhalda náttúrulegum gæðum	3,8% (40)	1,3% (22)	2,3% (27)	1,2% (12)	3,0% (25)
Kaupa náttúruvænar/innlendar/lífrænt ræktaðar vörur.	3,8% (40)	4,7% (80)	1,1% (13)	1,0% (10)	1,8% (15)
Landbúnaður	0,2% (2)	0,2% (4)	0,1% (1)	1,2% (12)	0,0% (0)
Aka skellinöðru	0,3% (3)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,0% (0)	0,0% (0)
Draga úr notkun umbúða úr plasti	1,1% (12)	0,6% (11)	0,9% (11)	0,0% (0)	0,6% (5)
Mengun annarra landa	0,4% (4)	0,1% (2)	0,7% (8)	0,7% (7)	0,7% (6)
Lækka verð á eldsneyti/gasi	0,9% (9)	0,4% (6)	0,5% (6)	0,5% (5)	1,1% (9)
Draga úr útblæstri	18,5% (193)	13,4% (228)	19,0% (228)	17,4% (175)	11,1% (92)
Fjárframlög	1,1% (11)	0,4% (7)	1,3% (15)	0,3% (3)	0,2% (2)
Hætta að fleygja frá sér rusli	18,0% (188)	8,5% (145)	10,0% (120)	9,6% (97)	13,3% (110)
Borða minna	0,1% (1)	0,1% (2)	0,2% (2)	0,0% (0)	0,6% (5)
Draga úr neyslu (þar á meðal raforku)	13,3% (139)	8,5% (145)	14,1% (169)	13,1% (132)	4,7% (39)
Sameina verksmiðjur/draga úr fjölda þeirra	6,1% (64)	0,8% (14)	2,2% (26)	2,9% (29)	3,5% (29)
Draga úr reykngum	1,8% (19)	0,9% (15)	0,4% (5)	0,5% (5)	3,5% (29)
Nota aðra/endurnýtanlega aflgjafa, þar á meðal rafbila	8,7% (91)	15,5% (263)	20,9% (250)	14,0% (141)	19,5% (161)
Menntun og upplýsing fólks	4,4% (46)	4,7% (79)	2,8% (33)	3,1% (31)	5,6% (46)
Draga úr notkun kjarnorku	1,5% (16)	1,6% (28)	0,8% (9)	0,7% (7)	0,4% (3)
Annað	5,9% (62)	4,1% (69)	9,7% (116)	10,9% (110)	16,7% (138)
Ekkert svar	34,0% (355)	49,9% (846)	30,9% (370)	37,7% (380)	35,1% (290)
Alls	183,2% (1913)	158,6% (2692)	183,9% (2205)	158,7% (1600)	177,8% (1470)

Mynd 27:


Nefndu þrjú mikilvægustu atriðin sem þú telur að ætti að gera í þínu landi til að draga úr loftslagsbreytingum og/eða vernda náttúruna (öll atriði sem nefnd voru).

Þrjú mikilvægustu atriðin voru:

- Finnland: Auka almenningssamgöngur og draga úr einkaakstri (24%), draga úr útblæstri (19%) og endurvinnsla og flokkun úrgangs (19%).
- Svíþjóð: Nota aðra/endurnýtanlega aflgjafa (16%), draga úr útblæstri (13%), auka almenningssamgöngur og draga úr einkaakstri (12%) og endurvinnsla og flokkun úrgangs (12%).
- Noregur: Auka almenningssamgöngur og draga úr einkaakstri (29%), nota aðra/endurnýtanlega aflgjafa (21%) og draga úr útblæstri (19%).
- Danmörk: Draga úr útblæstri (17%), nota aðra/endurnýtanlega aflgjafa (14%) og draga úr neyslu (13%).
- Ísland: Nota aðra/endurnýtanlega aflgjafa (20%), endurvinnsla og flokkun úrgangs (14%) og auka almenningssamgöngur og draga úr einkaakstri (14%).

7.4. Þátttaka

Öll Norðurlöndin




Um það bil fjórir af hverjum tíu svarendum (38%) segjast hafa tekið þátt í starfsemi nemendaráðs. 35 prósent nemenda hefur tekið þátt í annarri starfsemi innan skólans (t.d. átaki gegn einelti, jafningjafræðslu o.s.frv.).

Einungis 14 prósent þátttakenda segjast hafa tekið þátt í ungmennaráði samtaka, borgarhluta eða hverfis, 9 prósent í ungmennaráði sveitarfélags og 8 prósent í starfsemi tengdri stjórnmalaflokkum.

Drengir eru aðeins virkari þegar kemur að þátttöku í starfsemi utan skólans (t.d. í ungmennaráðum, stjórnmalaflokkum eða starfsemi tengdri samtökum). Nemendaráð innan skóla hafa nokkurn veginn sama hlutfall drengja og stúlkna, en stúlkur eru virkari þegar kemur að annarri starfsemi tengdri skólanum.

Eftir landi



Mynd 29: Hefur þú tekið þátt í einhverjum af neðangreindum hlutverkum?
(Svör: 1=já, 2=nei)

Nemendur frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku hafa oftast tekið þátt í starfsemi nemendaráða. Norskir nemar hafa verið virkastir í annarri starfsemi tengdri skólanum.

Þátttaka í nemendaráðum og annarri starfsemi tengdri skólanum er sjaldgæfari í Finnlandi en á hinum Norðurlöndunum. Um fjórir af hverjum tíu nemendum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku segjast hafa tekið þátt í nemendaráði.

Nokkuð jafn fjöldi barna frá Norðurlöndunum hefur tekið þátt í starfsemi ungmennaráðs að Íslandi undanskildu þar sem nær einn fimmti svarenda hefur verið hluti af starfsemi ungmennaráðs.

Starfsemi tengd samtökum hefur laðað að sér flesta þátttakendur í Svíþjóð og í Danmörku, en þar hefur um einn fimmti nemenda tekið þátt í slíku starfi.

Gögnin leiða ekki í ljós neinn verulegan mun milli þjóða hvað varðar þátttöku í stjórnmálastarfi.

Þátttaka í flestum ofangreindum atriðum hefur verið bersýnilega minni meðal nemenda í Finnlandi en annars staðar.

8. BÖRN OG UNGLINGAR SEM ÞJÓÐFÉLAGSÞEGNAR

8.1. Mikilvægi leiða og aðferða til þátttöku

Öll Norðurlöndin



Mynd 30: Hversu mikilvægar eru að þínu mati eftirfarandi leiðir og aðferðir til að hafa áhrif?

(Svör: 1= skiptir engu máli, 2= skiptir litlu máli, 3= skiptir máli en er ekki mikilvægt, 4= frekar mikilvægt, 5= mjög mikilvægt)

Þátttaka er hér skilgreind sem aðgerð til að ná fram breytingum sem æskað er. Oft er lokamarkmiðið að ná að hafa áhrif á opinber yfirvöld og/eða ráðamenn.

Mikilvægustu leiðirnar til þátttöku eru:

Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)

Sem fulltrúi í nemendaráði skólans

Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglunga taka þátt

Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf

Stúlkur leggja meiri áherslu en drengir á nær allar leiðir til þátttöku. Samt sem áður er hægt að lýsa viðhorfinu almennt sem hlutlausu og þessir þættir eru álitnir „frekar mikilvægir“

ADGERÐAÞÁTTUR	Meðalgildi N=5781	Stúlkur N=2882	Drengir N=2870
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif			
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	3,6	3,7	3,4
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	3,2	3,3	3,1
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	3,3	3,4	3,1
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	3,5	3,7	3,4
Meðalgildi	3,39	3,54	3,25
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif			
Að taka þátt í mótmælum	3,3	3,3	3,2
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	3,3	3,4	3,3
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	3,2	3,3	3,1
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar taka þátt	3,5	3,7	3,4
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	3,9	4,0	3,7
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum)	3,3	3,4	3,1
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	3,3	3,4	3,3
Meðalgildi	3,40	3,51	3,30
Meðalgildi	3,40	3,52	3,28

Tafla: Samanburður eftir kyni

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verra en meðalgildi

Mikilvægi hinna ýmsu leiða til að hafa áhrif minnkar eftir því sem nemendur verða eldri, að frátöldum 13 ára nemendum sem leggja meiri áherslu á leiðir til áhrifa heldur en 12 ára nemendur.

ADGERÐAÞÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	3,6	3,6	3,8	3,5	3,4	3,3
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	3,2	3,2	3,4	3,2	3,1	3,0
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	3,3	3,3	3,4	3,3	3,2	3,1
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	3,5	3,7	3,7	3,4	3,4	3,5
Meðalgildi	3,39	3,47	3,59	3,35	3,27	3,22
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Að taka þátt í mótmælum	3,3	3,3	3,3	3,3	3,2	3,2
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	3,3	3,4	3,4	3,3	3,3	3,2
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	3,2	3,2	3,3	3,2	3,2	3,1
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	3,5	3,6	3,7	3,5	3,4	3,2
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	3,9	3,8	4,0	3,8	3,8	3,7
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	3,3	3,4	3,4	3,2	3,2	3,1
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	3,3	3,5	3,5	3,4	3,2	3,2
Meðalgildi	3,40	3,44	3,51	3,40	3,32	3,24
Meðalgildi	3,40	3,45	3,54	3,39	3,30	3,23

Tafla: Samanburður eftir aldri

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verra en meðalgildi

Sænskir og norskir þátttakendur gefa hinum mismunandi leiðum og aðferðum til þátttöku mest vægi þegar niðurstöður eru bornar saman eftir löndum.

Hvað sem því líður eru nær allar leiðir og aðferðir álitnar frekar mikilvægar eða hvorki né; að meðaltali er mest áhersla lögð á valkost 3 (skiptir máli en er ekki mikilvægt).

Börn og unglingar í öllum þáttökulöndum töldu netblogg og samskiptavefi mikilvægustu leiðina til að hafa áhrif.

ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5775	Finnland N=1044	Svíþjóð N=1697	Noregur N=1199	Danmörk N=1008	Ísland N=827
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	3,5	3,3	3,6	3,8	3,5	3,3
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	3,2	3,1	3,3	3,3	3,1	3,1
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	3,3	3,1	3,3	3,5	3,2	3,1
Skátastarf, klúbbur og annað félagsstarf	3,5	3,5	3,5	3,7	3,5	3,4
Meðalgildi	3,38	3,26	3,42	3,56	3,32	3,21
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Að taka þátt í mótmælum	3,3	3,0	3,4	3,4	3,2	3,1
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	3,3	3,1	3,4	3,5	3,2	3,1
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	3,2	3,1	3,4	3,4	3,0	3,1
Að sækja landsfund og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglunga taka þátt	3,5	3,3	3,7	3,7	3,4	3,1
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	3,8	3,7	3,9	4,0	3,8	3,6
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	3,3	3,1	3,3	3,4	3,1	3,2
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	3,4	3,3	3,5	3,4	3,1	3,4
Meðalgildi	3,39	3,25	3,50	3,54	3,28	3,25
Meðalgildi	3,38	3,25	3,47	3,55	3,29	3,23


Tafla: Samanburður eftir landi

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verrá en meðalgildi

8.2. Raunverulegir möguleikar til áhrifa

Öll Norðurlöndin



Mynd 31:

Hversu vel hafa þessar leiðir og aðferðir gagnast þér sjálfum/sjálfri sem tæki til að hafa áhrif? (Svör: 1= mjög illa, 2= frekar illa, 3= hvorki illa né vel, 4= frekar vel, 5= mjög vel)

Áhrifaríkustu leiðirnar til þátttöku hafa að mati nemenda verið:

Blogg og/eða samskiptavefir (MySpace, YouTube, Facebook)

Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf

Sem fulltrúi í nemendaráði skólans

Pegar kynin eru borin saman kemur í ljós að stúlkur álíta flestar leiðir til áhrifa hafa verið áhrifaríkari en drengir gera. Bæði drengir og stúlkur telja blogg og samskiptavefi vera áhrifaríkustu leiðina til þátttöku.

ADGERDAPÁTTUR	Meðalgildi N=5781	Stúlkur N=2882	Drengir N=2870
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif			
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	3,2	3,3	3,1
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	2,9	2,9	2,9
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	3,0	3,0	2,9
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	3,2	3,3	3,2
Meðalgildi	3,07	3,13	3,00
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif			
Að taka þátt í mótmælum	3,0	3,0	3,0
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	3,0	3,1	3,0
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	3,0	3,0	2,9
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	3,1	3,2	3,1
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	3,6	3,7	3,6
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	3,0	3,1	2,9
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	3,1	3,2	3,1
Meðalgildi	3,12	3,16	3,09
Meðalgildi	3,10	3,15	3,06

Tafla: Samanburður eftir kyni

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verra en meðalgildi

Nemendur meta líkur þess að hinar ýmsu leiðir þjóni tilgangi sínum minni og minni eftir því sem aldurinn hækkar. Þar eru 13 ára börn þó frátalin, en þau telja að leiðir til þátttöku hafi verið áhrifaríkari en 12 ára börn.

ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	3,2	3,2	3,3	3,2	3,1	3,1
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	2,9	3,0	3,0	2,9	2,8	2,8
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	3,0	2,9	3,1	3,0	2,8	2,8
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	3,2	3,4	3,4	3,2	3,2	3,2
Meðalgildi	3,07	3,12	3,20	3,04	2,99	2,97
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Að taka þátt í mótmælum	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	2,9
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	3,0	2,9	3,1	3,0	3,0	3,0
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	3,0	2,9	3,0	3,0	2,9	2,9
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	3,1	3,1	3,2	3,1	3,0	2,9
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	3,6	3,6	3,7	3,6	3,6	3,5
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	3,0	3,0	3,1	3,0	3,0	2,8
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	3,1	3,2	3,2	3,1	3,1	2,9
Meðalgildi	3,12	3,10	3,19	3,12	3,09	2,98
Meðalgildi	3,10	3,11	3,19	3,09	3,05	2,98

Tafla: Samanburður eftir aldri

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verra en meðalgildi

Pegar niðurstöður eru bornar saman eftir löndum sést að þátttakendur frá Noregi og Svíþjóð telja leiðir og aðferðir til þátttöku almennt áhrifaríkari en hinar þjóðirnar. Munur milli landa er þó ekki verulegur.

Á öllum Norðurlöndunum eru blogg og samskiptavefir talin áhrifaríkasta aðferðin til þátttöku.


ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5775	Finnland N=1044	Svíþjóð N=1697	Noregur N=1199	Danmörk N=1008	Ísland N=827
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	3,2	3,1	3,2	3,3	3,2	3,2
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	2,9	2,9	2,9	2,9	2,8	3,0
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	3,0	2,9	3,0	3,0	2,8	3,0
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	3,2	3,2	3,2	3,3	3,2	3,2
Meðalgildi	3,07	3,01	3,11	3,14	2,99	3,07
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Að taka þátt í mótmælum	3,0	2,8	3,1	3,0	3,0	3,0
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	3,0	2,9	3,1	3,1	2,9	2,9
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	2,9	2,9	3,1	3,1	2,8	2,9
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	3,1	3,0	3,2	3,2	3,0	2,9
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	3,6	3,5	3,6	3,8	3,5	3,5
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	3,0	2,9	3,1	3,1	2,9	3,0
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	3,2	3,1	3,2	3,2	3,0	3,2
Meðalgildi	3,12	3,01	3,21	3,22	3,01	3,05
Meðalgildi	3,10	3,01	3,17	3,19	3,00	3,06

Tafla: Samanburður eftir landi

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verra en meðalgildi

8.3. Gloppugreining



Mynd 32: Gloppugreining

Samkvæmt gloppugreiningunni eru þær aðferðir sem hafa síst þjónað tilgangi sínum með tilliti til ákvarðaðs mikilvægis þeirra, þessar:

Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans

Þegar á heildina er litið eru hinar mismunandi leiðir og aðferðir til þátttöku taldar nokkuð áhrifaríkar í hlutfalli við vægi þeirra. Samkvæmt flokkun okkar í kafla 5 eru leiðir eða aðferðir sem koma illa út eða mætti bæta, ekki til staðar í þessum niðurstöðum.

8.4. Samanburður eftir kyni

Samkvæmt gloppugreiningunni er upplifun nemenda af hinum ýmsu leiðum og aðferðum til þátttöku miðað við ákvarðað vægi þeirra, að meðaltali jákvæðari meðal drengja.

Stúlkum finnst landsfundir og alþjóðlegar ráðstefnur með fulltrúum ungs fólks ekki hafa reynst áhrifaríkt tæki miðað við væntingar þeirra.

AÐGERÐAÞÁTTUR	Meðalgildi N=5781	Stúlkur N=2882	Drengir N=2870
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif			
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	-0,4	-0,4	-0,3
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	-0,3	-0,4	-0,2
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	-0,3	-0,4	-0,2
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	-0,3	-0,4	-0,2
Meðalgildi	-0,33	-0,41	-0,24
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif			
Að taka þátt í mótmælum	-0,3	-0,3	-0,2
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	-0,3	-0,3	-0,2
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	-0,3	-0,3	-0,2
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	-0,4	-0,5	-0,3
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	-0,3	-0,3	-0,2
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	-0,2	-0,2	-0,2
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	-0,2	-0,3	-0,1
Meðalgildi	-0,28	-0,35	-0,21
Meðalgildi	-0,30	-0,37	-0,22

Tafla: Samanburður eftir kyni

Í gloppugreiningunni er gloppan ákvörðuð af mismuni þeirra talna sem gefa til kynna raunveruleg áhrif og þeirra sem lýsa mikilvægi þátta. Því neikvæðara sem gloppugildi þáttar er, því óánægðari voru þátttakendur með þann tiltekna þátt.

Grænt = þáttur kemur vel út, gult = þáttur mætti bæta, rautt = þáttur kemur illa út

Grænt = hærra/betra en meðalgildi

Rautt = lægra/verra en meðalgildi

8.5. Samanburður eftir aldri

Pegar niðurstöðurnar eru bornar saman eftir aldri kemur í ljós að nær allar leiðir og aðferðir til þátttöku eru taldar hafa reynst áhrifaríkar í hlutfalli við vægi þeirra. 13 ára börn eru þó á þeirri skoðun að landsfundir og alþjóðlegar ráðstefnur með fulltrúum ungs fólks hafi ekki reynst vel miðað við væntingar þeirra.

Pegar horft er til meðalgilda gloppugreiningarinnar er það engu að síður meðal yngstu barnanna (12 og 13 ára) sem viðhorfið er neikvæðast.

ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	-0,4	-0,4	-0,4	-0,4	-0,3	-0,2
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	-0,3	-0,2	-0,4	-0,3	-0,3	-0,2
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	-0,3	-0,4	-0,4	-0,3	-0,3	-0,3
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	-0,3	-0,4	-0,4	-0,3	-0,2	-0,3
Meðalgildi	-0,33	-0,35	-0,39	-0,32	-0,28	-0,26
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Að taka þátt í mótmælum	-0,3	-0,3	-0,3	-0,3	-0,2	-0,2
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	-0,3	-0,4	-0,3	-0,3	-0,3	-0,2
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	-0,3	-0,3	-0,3	-0,3	-0,2	-0,2
Að sækja landsfund og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	-0,4	-0,4	-0,5	-0,4	-0,4	-0,4
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	-0,3	-0,2	-0,3	-0,2	-0,2	-0,2
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	-0,2	-0,4	-0,3	-0,3	-0,2	-0,2
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	-0,2	-0,3	-0,3	-0,2	-0,1	-0,3
Meðalgildi	-0,28	-0,34	-0,32	-0,29	-0,23	-0,25
Meðalgildi	-0,30	-0,34	-0,35	-0,30	-0,25	-0,25

Tafla: Samanburður eftir aldri

Í gloppugreiningunni er gloppan ákvörðuð af mismuni þeirra talna sem gefa til kynna raunveruleg áhrif og þeirra sem lýsa mikilvægi þátta. Því neikvæðara sem gloppugildi þáttar er, því óánægðari voru þátttakendur með þann tiltekna þátt.

Grænt = þáttur kemur vel út, gult = þátt mætti bæta, rautt = þáttur kemur illa út

Grænt = hærra/betra en meðalgildi

Rautt = lægra/verra en meðalgildi

8.6. Samanburður eftir landi

Þegar löndin eru borin saman sést að nær allar leiðir og aðferðir til þátttöku eru taldar hafa reynst vel með tilliti til væntinga.

Svör frá íslenskum börnum lýstu jákvæðasta viðhorfinu, á meðan það neikvæðasta finnst meðal norskra þátttakenda. Gloppugreining tekur einnig með í reikninginn ákvarðað vægi hvers þáttar.

Norskum og sænskum þátttakendum finnst mega bæta útkomu þeirrar aðferðar sem tekur til landsfunda og alþjóðlegra ráðstefna. Nemendur í Noregi eru ennfremur á þeirri skoðun að nemendaráð hafi ekki staðið undir væntingum þeirra þegar tillit er tekið til þess vægis sem þeim er gefið.

ADGERÐAPÁTTUR	Meðalgildi N=5775	Finnland N=1044	Svíþjóð N=1697	Noregur N=1199	Danmörk N=1008	Ísland N=827
Leiðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Sem fulltrúi í nemendaráði skólans	-0,3	-0,3	-0,3	-0,5	-0,4	-0,1
Sem meðlimur ungmennaráðs sveitarfélags	-0,3	-0,3	-0,3	-0,4	-0,3	-0,1
Sem meðlimur ungmennaráðs samtaka/borgarhluta/hverfis	-0,3	-0,3	-0,3	-0,4	-0,3	-0,1
Skátastarf, klúbbar og annað félagsstarf	-0,3	-0,3	-0,3	-0,4	-0,3	-0,2
Meðalgildi	-0,31	-0,26	-0,31	-0,43	-0,33	-0,14
Aðferðir ungs fólks til að hafa áhrif						
Að taka þátt í mótmælum	-0,3	-0,2	-0,3	-0,3	-0,3	-0,2
Áskorun til ráðamanna með undirskriftasöfnun	-0,3	-0,2	-0,3	-0,4	-0,3	-0,2
Skrifleg persónuleg áskorun/ábending til ráðamanna	-0,3	-0,2	-0,3	-0,3	-0,3	-0,3
Að sækja landsfundi og/eða alþjóðlegar ráðstefnur þar sem fulltrúar barna eða unglinga taka þátt	-0,4	-0,4	-0,5	-0,5	-0,4	-0,2
Blogg og/eða samskiptavefir (t.d. MySpace, YouTube, Facebook)	-0,2	-0,2	-0,3	-0,3	-0,3	-0,1
Að koma skoðunum sínum skriflega til skila (t.d. í skólablöðum, dagblöðum, á heimasíðu skólans)	-0,2	-0,2	-0,3	-0,3	-0,2	-0,2
Þátttaka í hvers kyns félögum eða klúbbum (t.d. skátunum)	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2	-0,2
Meðalgildi	-0,27	-0,23	-0,30	-0,32	-0,27	-0,19
Meðalgildi	-0,28	-0,24	-0,30	-0,36	-0,29	-0,17

Tafla: Samanburður eftir landi

Í gloppugreiningunni er gloppan ákvörðuð af mismuni þeirra talna sem gefa til kynna raunveruleg áhrif og þeirra sem lýsa mikilvægi þátta. Því neikvæðara sem gloppugildi þáttar er, því óánægðari voru þátttakendur með þann tiltekna þátt.


Grænt = þáttur kemur vel út, gult = þáttur mætti bæta, rautt = þáttur kemur illa út

Grænt = hærra/betra en meðalgildi

Rautt = lægra/verra en meðalgildi

9. LÍFSGÆÐI

Öll Norðurlöndin



Mynd 33: Hugsaðu þér stiga með tíu þrepum.

Ef tíunda þrepið er besta hugsanlega líðan þín, en undirlagið, 0, sú versta, á hvaða þrepi finnst þér þú standa núna?

Samanlagt 57 prósent þátttakenda völdu hæstu þrepin (8-10) þegar þau voru beðin um að meta lífsgæði sín, en fjögur prósent völdu lægstu þrepin (0-2).

Meðaltal svara í heild sinni varðandi lífsgæði er 7,4.

Heildarmat lífsgæða er aðeins örlítið hærra meðal drengja en stúlkna.

ADGERÐARÁTTUR	Meðalgildi N=5781	Stúlkur N=2882	Drengir N=2870
Lífsgæði	7,4	7,3	7,5
Meðalgildi	7,37	7,27	7,47

Tafla: Samanburður eftir kyni

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verri en meðalgildi

Að auki meta yngri nemendur (12-13 ára) lífsgæði sín hærra en eldri nemar (14-16 ára).

ADGERÐARÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Lífsgæði	7,4	7,5	7,6	7,3	7,3	7,2
Meðalgildi	7,37	7,51	7,55	7,30	7,30	7,20

Tafla: Samanburður eftir aldri

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verri en meðalgildi

Óánægja með líðan er algengari meðal eldri nema hvort tveggja hjá stúlkum og drengjum. Gögnin leiða einnig í ljós að munurinn milli drengja og stúlkna er meiri meðal eldri nemenda.

ADGERÐARÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Lífsgæði	7,3	7,5	7,5	7,3	7,1	7,1
Meðalgildi	7,27	7,46	7,47	7,27	7,08	7,07

Tafla: Samanburður eftir aldri - Stúlkur

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verri en meðalgildi

ADGERÐARÁTTUR	Meðalgildi N=5781	12 ára N=322	13 ára N=1608	14 ára N=1901	15 ára N=1684	16 ára N=214
Lífsgæði	7,5	7,6	7,6	7,3	7,5	7,3
Meðalgildi	7,47	7,56	7,65	7,32	7,52	7,31

Tafla: Samanburður eftir aldri - Drengir

Grænt = hærra / betra en meðalgildi

Rautt = lægra / verri en meðalgildi

Eftir landi

ADGERÐARÁTTUR	Meðalgildi N=5775	Finnland N=1044	Svíþjóð N=1697	Noregur N=1199	Danmörk N=1008	Ísland N=827
Lífsgæði	7,3	7,8	7,1	7,1	7,6	7,2
Meðalgildi	7,34	7,79	7,15	7,12	7,57	7,16

Mynd 34: Hugsðu þér stiga með tíu þrepum. Ef tíunda þrepið er besta hugsanlega líðan þín, en undirlagið, 0, sú versta, á hvaða þrepi finnst þér þú standa núna?

Hæsta mat lífsgæða má finna meðal finnskra þátttakenda þar sem meðaltalið er 7,8. Á hæla þeirra koma þeir dönsku (meðaltal 7,6). Lægsta meðaltalið sést hjá íslenskum, sænskum og norskum þátttakendum (meðaltal 7,1 til 7,2).

Gögnin leiða í ljós að á öllum Norðurlöndunum meta stúlkur lífsgæði sín og líðan lægra en drengir. Munurinn á kynjunum er minnstur í Danmörku og mestur í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi.


Niðurstöðurnar sýna að yngri nemendur frá Svíþjóð og Finnlandi (12-13 ára), meta lífsgæði sín hærra en eldri nemendur. Það sama kemur fyrir í niðurstöðum norskra nema; 14 ára unglingar eru ánægðari með líðan sína og 15 ára nemendur bersýnilega óánægðastir.

Í Danmörku meta nemendur sem eru 15 ára lífsgæði sín og líðan hæst. Lægsta matið má finna, samkvæmt niðurstöðunum, meðal 12 og 14 ára nemenda.

Á Íslandi eru það 13 og 15 ára nemar sem meta lífsgæði sín hærra en aðrir aldurshópar. 14 ára nemar gefa sérstaklega neikvæðara mat heldur en yngri og eldri börn.

10. BREYTINGAR Á SKOÐUN UM ÞAÐ AÐ HAFA ÁHRIF

Öll Norðurlöndin




Mynd 35: Hugsarðu öðruvísi um það að hafa áhrif eftir að hafa svarað þessum spurningum?

39 prósent þátttakenda segjast ekki hugsa öðruvísi um það að hafa áhrif eftir að hafa svarað spurningunum. 19 prósent þeirra segjast hins vegar líta það að hafa áhrif öðrum augum.

43 prósent drengja telja sig ekki hafa breytt um viðhorf gagnvart þátttöku eftir að hafa fyllt út spurningalistann. Sú prósent er 34 prósentustig meðal stúlkna. Rétt um einn fimmti bæði drengja og stúlkna segist finna fyrir breytingu á viðhorfi. Hærra hlutfall stúlkna (46%) en drengja getur ekkert sagt um hvort þau líti þátttöku öðrum augum eftir spurningarnar. Samsvarandi prósent er 38 prósent meðal drengja.

Yngri nemendur (12-13 ára) fallast oftast en aðrir aldurshópar á að viðhorf þeirra hafi breyst að loknum spurningalistanum. Svo virðist sem jákvæðum svörum fari fækkandi eftir aldri þátttakenda samkvæmt niðurstöðunum.

Eftir landi




Mynd 36: Hugsarðu öðruvísi um það að hafa áhrif eftir að hafa svarað þessum spurningum?

Norskir (26%) og íslenskir (25%) þátttakendur segjast sérstaklega hafa fundið fyrir viðhorfsbreytingu gagnvart þátttöku.

Þátttaka í þessari könnun hefur haft minnst áhrif á viðhorf finnskra, sænskra og danskra barna. Það er á öllum Norðurlöndunum einkum algengara að drengir segist ekki hafa fundið fyrir neinum breytingum á skoðunum á því að hafa áhrif. Stúlkur segjast oftast ekkert geta sagt um það hvort það að svara spurningalistanum hafi haft einhver áhrif.

Í öllum löndunum er munur á viðhorfi fyrir og eftir þátttöku í könnuninni minni hjá eldri nemendum en hjá þeim yngri þar sem meiri munur mælist, aðallega hjá 12 og 13 ára nemendum.

11. EINEITI OG INNGRIP



Mynd 37:

Hvað myndir þú gera ef þú yrðir vitni að því að annar nemandi væri fórnarlamb eineltis, óréttlætis, ofbeldis, illrar meðferðar eða yfirgangs?

Um það bil fjórir af hverjum tíu þátttakendum frá Svíþjóð og Noregi segjast myndu segja fullorðnum frá því ef þeir sæju að einhver væri fórnarlamb eineltis. 24 prósent sænskra þátttakenda myndu grípa inn í og segja gerandanum að hætta, en 35 prósent norskra nemenda myndu grípa til sömu ráða.


14 prósent sænskra nemenda myndi ekki gera neitt og 19 prósent þeirra vita ekki hvað þeir myndu gera ef þeir lentu í slíkum aðstæðum. Í Noregi myndu einungis 6 prósent ekki gera neitt og 12 prósent vita ekki hvað þau myndu gera.

Niðurstöðurnar eru svipaðar milli landa þegar kynin eru borin saman; í báðum löndum segist hærri hlutfall drengja en stúlkna myndu grípa inn í og segja gerandanum að hætta. Meirihluti stúlkna, bæði í Noregi og Svíþjóð, myndi segja einhverjum fullorðnum frá. Að auki segist hærri hlutfall drengja ekki myndu vita hvað þeir gerðu.

Yngri nemendur (12 til 13 ára) myndu þegar á heildina er litið oftast segja einhverjum fullorðnum frá, á meðan eldri nemar (14 til 16 ára) myndu oftast segja gerandanum að hætta.

12. STUÐNINGUR FULLORÐINNA

12.1. Tiltækileiki stuðnings fullorðinna





Mynd 38: Áttu einhverja fullorðna að, aðra en foreldra þína og kennara, sem þú getur talað við ef þú ert í vanda.

31 prósent þátttakenda frá Svíþjóð og 27% frá Noregi segjast hafa fleiri en þrjá fullorðna sem þau geti leitað til og rætt við um vandamál sín (aðra en fullorðna og kennara). Örlítið fleiri en 25 prósent þátttakenda frá báðum löndum hafa 2 til 3 slíka fullorðna í lífi sínu og u.þ.b 20 prósent eiga einn slíkan fullorðinn að. 22 prósent nemenda í Svíþjóð og 24 prósent í Noregi eiga engan fullorðinn að, annan en foreldra og kennara, sem þau geta leitað til með vandamál sín.

Hvort tveggja í Svíþjóð og Noregi eiga stúlkur örlítið oftar en drengir í það minnsta einn fullorðinn að. Munur milli kynjanna er þó ekki verulegur.

Gögnin leiða heldur ekki í ljós neinn verulegan mun milli aldurshópa. Í Svíþjóð skortir 16 ára nema oftar en aðra stuðning fullorðinna (30%). Í Noregi eru það 12 ára nemar (29%) sem hafa minnst bakland.

12.2. Hvar hægt er að finna stuðning fullorðinna



Mynd 39: Ef þú svaraðir síðustu spurningu jákvætt, til hvers myndirðu leita?

Meira en helmingi nemenda frá Svíþjóð og Noregi finnst þeir geta rætt um vandamál sín við fullorðinn meðlim stórfjölskyldunnar ef þeir þurfa. Að auki finnst sænskum börnum þau geta rætt við foreldra vana sinna (7%) og norskum börnum við starfsfólk við heilsugæslu (9%).

Pegar gögn eru borin saman eftir kyni kemur ekki í ljós neinn verulegur munur hvað þetta varðar.

Í báðum löndum eru það helst yngri börnin (12 til 13 ára) sem myndu ræða vandamál sín við meðlim fjölskyldunnar (u.þ.b. 60 prósent) á meðan einungis þriðjungur 16 ára nemenda myndi gera slíkt og minna en helmingur 15 ára nemenda.

13. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM EFTIR LANDI

Samanlagðar aðlagðar niðurstöður af öllum Norðurlöndunum ásamt óaðlöguðum niðurstöðum einstakra landa hafa verið settar fram í þessari skýrslu.

Sá munur sem er hvað mest áberandi milli þátttökulanda: Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Íslands, verða settar fram í þessum kafla. Við skoðun á þessum muni verður stuðst við óaðlöguð gögn.

Rannsóknargögnin leiða í ljós ákveðinn mun milli landa **hvað varðar þekkingu á og vitund um réttindi barna**.

Finnsk börn virðast hafa sterkari vitund um réttindi barna í samanburði við hin Norðurlöndin. Alls segjast 69 prósent finnskra barna í efri bekkjum grunnskóla sig vita talsvert eða mikið um réttindi barna. Sami hópur svarar til 58% í Svíþjóð, 54% í Noregi, 41% á Íslandi og 39% í Danmörku.

Þátttakendur frá Svíþjóð (85%), Finnlandi (84%) og Noregi (82%) eru best að sér varðandi réttindi barna. Á Íslandi vita 79 prósent þátttakenda að réttindi barna eiga við um öll börn undir 18 ára aldri í öllum heiminum. Þekking á réttindum barna er örlítið verri í Danmörku: 18 prósent danskra nemenda vita ekki um hverja réttindi barna eiga við.

- Það eru helst sænsk, finnsk og norsk börn sem hafa fengið upplýsingar um réttindi barna í skólanum (í heildina u.þ.b. 80 prósent). Munurinn á þeim og sama hópi á Íslandi og í Danmörku er rétt um 20 prósentustig.

Gögnin leiða einnig í ljós mun milli landa í viðhorfi gagnvart **líkamlegum refsingum**.

Börn frá Finnlandi líta líkamlegar refsingar á börnum greinilega mildari augum en þátttakendur af hinum Norðurlöndunum: 31 prósent finnskra þátttakenda eru á þeirri skoðun að líkamlegar refsingar séu ásættanlegar að einhverju marki. Á öðrum Norðurlöndum er prósentan í kringum 10 prósentustig.

- Norskir og danskir þátttakendur deila með sér neikvæðustu viðhorfi gagnvart líkamleg um refsingum, meira en 80 prósent svarenda eru á þeirri skoðun að börnum megi ekki refsa líkamlega undir nokkrum kringumstæðum. Í Finnlandi er hlutfall sama hóps örlítið lægra en 50 prósent og í Svíþjóð og á Íslandi er það í kringum 75 prósent.

Möguleikar til að hafa áhrif í skólanum, á heimilinu og í málefnum tengdum frítíma eru álitnir mikilvægastir af sænskum og norskum þátttakendum. Danskir þátttakendur gefa þessum þáttum minnst vægi. Þrátt fyrir það er munur milli landa ekki verulegur.

- Samkvæmt meðaltali heildarniðurstaðna á grundvelli gloppugreiningar meta Danir möguleika sína til að hafa áhrif hæst, en sænskir þátttakendur meta það svo að þeir hafi veikasta möguleika. Í niðurstöðum gloppugreiningarinnar er innifalið ákvarðað vægi þáttarins.

Niðurstöðurnar leiða greinilega í ljós mun milli landa í mati þátttakenda á **lífsgæðum sínum og líðan**.

- Hæsta mat lífsgæða má finna meðal finnskra þátttakenda þar sem meðaltalið er 7,8. Á hæla þeirra koma þeir dönsku (meðaltal 7,6). Lægsta meðaltalið sést hjá íslenskum, sænsk um og norskum þátttakendum (meðaltal 7,1 til 7,2).
- 88 prósent finnskra nemenda og 86 prósent danskra nemenda gefa lífsgæðum sínum 6 til 10 stig á kvarðanum 0-10. Á hinum Norðurlöndunum eru örlítið minna en 80 prósent barnanna sem gefa lífsgæðum sínum sömu stig.

14. HEILDARNIÐURSTÖÐUR

Markhópur þessarar rannsóknar samanstendur af nemendum af Norðurlöndunum úr efstu bekkjum grunnskóla (12 til 16 ára). Gögnin voru unnin úr svörum 5775 nemenda úr alls 155 skólum á Norðurlöndunum.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að komast að því hversu sterk vitund barna úr efstu bekkjum grunnskóla á Norðurlöndunum væri hvað varðar réttindi barna, ásamt því að kortleggja þátttöku og möguleika á þátttöku svarenda í daglegu lífi heima við, í skólanum og samfélaginu.

Réttindi barna / mannréttindi

Rétt yfir helmingur þátttakenda telur sig vera meðvitaða og vita mikið (9%) um réttindi barna eða vita frekar mikið um þau (46%). Einn fjórði þátttakenda finnst þeir vita mjög lítið um réttindi barna og einn tíundi hefur einungis heyrt á þau minnst. Fjögur prósent þátttakenda segjast ekki hafa neina þekkingu á réttindum barna. Þegar niðurstöður eru bornar saman eftir kyni segjast drengir oftar en stúlkur vita mikið eða frekar mikið um réttindi barna. Á hinn bóginn er aðeins hærra hlutfall drengja en stúlkna sem segist ekkert vita um réttindi barna eða ekki geta svarað spurningunni.

Meirihluti þátttakenda (75%) hefur fengið upplýsingar um réttindi barna í skólanum, þar á eftir úr útvarpi eða sjónvarpi (46%), í blöðum og tímaritum (35%) og á internetinu (32%). Einungis þrjú prósent svarenda segjast aldrei hafa heyrt um réttindi barna áður.

Meirihluti barna og unglinga af Norðurlöndunum (82%) veit að réttindi barna taka til allra barna undir 18 ára aldri í öllum heiminum. Örlítið meira en tíu prósent geta ekki sagt neitt um við hverja réttindi barna eiga. Tvö prósent þátttakenda halda að réttindi barna eigi einungis við um börn í Evrópu eða börn undir 10 ára aldri. Stúlkur (85%) eru betur að sér en drengir (79%) um það til hverra réttindi barna taka.

Þrjú af hverjum fjórum börnum úr efri bekkjum grunnskóla af Norðurlöndunum eru á þeirri skoðun að börnum megi ekki refska líkamlega við neinar kringumstæður. 13 prósent álíta vægari tegundir líkamlegra refsinga ásættanlegar. Þrjú prósent myndu leyfa líkamlegar refsingar á meðan tíu prósent þátttakenda gat ekki gefið svar við spurningunni. Stúlkur taka ákveðnari afstöðu gegn líkamlegum refsingum – 82 prósent þeirra sætta sig ekki við líkamlegar refsingar undir neinum kringumstæðum, á meðan sami hópur drengja fyllir 68 prósent.

Þátttakendur eru oftast sammála þeim fullyrðingum sem taka til almennra mannréttinda – börn á að vernda gegn hvers konar ofbeldi. Meirihlutinn er einnig á þeirri skoðun að allar manneskjur hafi rétt til að lifa. Minnihluti þátttakenda telur að einnig þær manneskjur sem hafa framið alvarlegan glæp hafi rétt til lífs.

Möguleikar til áhrifa

Börn og unglingar af Norðurlöndunum vilja ráða sjálf hvernig þau eyða eigin peningum. Þau vilja líka að raddir þeirra heyrist og þau séu höfð með í ráðum við ákvarðanatöku og lausn ágreiningsmála. Val á skóla og að hlustað sé á nemendur í tengslum við námsefni og kennslustundir skiptir nokkru máli fyrir þátttakendur. Á hinn bóginn eru atriði tengd heimilinu, á borð við að hafa áhrif á innviði herbergis síns, álitin mikilvæg.

Möguleikar til þess að hafa áhrif á atriði tengd skólanum eru helst álitnir veikari en þátttakendur hefðu æskt. Möguleikar á að koma með ábendingar til kennara og hafa áhrif á það námsefni sem tekið er fyrir í kennslustundum eru til dæmis álitnir veikir miðað við væntingar.

Stúlkum finnst möguleikar til áhrifa að meðaltali mikilvægari en drengjum, en finnst þær hafa örlítið minni raunverulega möguleika á að láta til sín taka og hafa áhrif.

Internetið er mikilvæg leið til þátttöku fyrir börn og unglinga af Norðurlöndunum. Að auki er það álitin áhrifarík leið.

Þátttaka

Börn og unglingar af Norðurlöndunum eru virk í þátttöku innan skólans, rétt um þriðjungur svarenda hefur tekið þátt í slíkri starfsemi. Þátttaka í stjórnmalastarfi og ungmennaráðum er þó sjaldgæfari. Drengir virðast vera örlítið virkari en stúlkur við að taka þátt í starfsemi sem er skipulögð utan skólans.

Þátttakendur voru beðnir um að lýsa skoðunum sínum á margvíslegum samfélags- og umhverfismálum og leggja mat á hvort þeir hafi fengið nægar upplýsingar varðandi þau. Það reyndist þátttakendum nokkuð erfitt að taka afstöðu gagnvart mörgum af fullyrðingunum, en það gæti orsakast af þeirri staðreynd að börn eru enn ekki mjög meðvituð um mörg samfélagsmál á borð við ferli ákvarðanatöku eða kosningar. Svarendur voru oftast sammála staðhæfingunni sem tók til þess hvort þau hefðu fengið nógu miklar og sannar upplýsingar varðandi loftslagsbreytingar og áhrif þeirra. Þeir voru sjaldnast sammála fullyrðingunni „það á að lækka kosningaaldur til sveitarstjórnar- og/eða þingkosninga“.

Lífsgæði

Börn og unglingar af Norðurlöndunum meta líðan sína og lífsgæði tiltölulega hátt; í heildina völdu 83 prósent þátttakenda valkost á bilinu 6 til 10 á kvarðanum 0-10. Heildarmeðaltal lífsgæða er 7,4.

Drengir meta lífsgæði sín örlítið hærra en stúlkur. Að auki leggja yngri nemar (12 til 13 ára) aðeins hærra mat á lífsgæði sín en eldri nemendur.

